

GJALDSKRÁ

kaldavatnsveitu Bláskógaveitu, Bláskógabyggð.

1. gr.

Gjaldskylda.

Bláskógaveita (Bláskógabyggð) innheimtir gjald fyrir lagningu heimæðar skv. 5. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004.

Jafnframt innheimtir sveitarfélagið vatnsgjald skv. 6. og 7. gr. laganna.

2. gr.

Ráðstöfun gjalda.

Tekjum sveitarfélagsins vegna heimæðargjalds vatnsveitu skal varið til vatnsveituframkvæmda og skal gjaldið taka mið af gerð, stærð og lengd heimæða.

Vatnsgjald, ásamt öðrum tekjum vatnsveitu, skal standa undir rekstri vatnsveitunnar, þ.m.t. fjármagnskostnaði, og fyrirhuguðum stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun veitunnar.

3. gr.

Heimæðargjald vatnsveitu.

Heimæðargjald vatnsveitu fylgir byggingarvísitölu. Grunnvísitala er byggingarvísitala (grunnur 2010) októbermánaðar 2012, 115,2 stig.

<i>Tegund húsnæðis</i>	<i>Sverleiki lagnar</i>	<i>Heimæðargjald</i>
Sumarhús, íbúðarhús og atvinnurekstur	20-32 mm	kr. 328.001
Býli að meðtöldu einu íbúðarhúsnæði	32-63 mm	kr. 537.558

Gjaldskrá fyrir sumarhús, íbúðarhús og annað húsnæði til atvinnurekstrar miðast við allt að 32 mm lögn að þvermáli og allt að 25 metra lengd heimæðar. Heimæðargjald hækkar í samræmi við aukinn sverleika og/eða lengd heimæðar.

Gjaldskrá fyrir lögbyli, að meðtöldu einu íbúðarhúsnæði, miðast við allt að 63 mm þvermál heimæðar.

4. gr.

Vatnsgjald.

Árlega skal greiða vatnsgjald af öllum fasteignum í sveitarfélaginu sem vatns geta notið.

Álagningarstofn gjaldsins skal vera fasteignamat viðkomandi fasteigna. Fjárhæð gjaldsins skal nema 0,4% af fasteignamati viðkomandi fasteignar, ásamt lóð.

Hámarksálagning verði kr. 25.865 á sumarhús og íbúðarhús. Fyrirtæki sem safna vatni í eigin miðlun fái 30% lækkun á vatnsskatti. Lágmarksálagning vegna tengingar við vatnsveitur Bláskógaveitu verði kr. 11.400 og er ekki bundin við að húsnæði hafi verið tengt veitu.

5. gr.

Notkunargjald.

Þar sem vatn frá vatnsveitu er notað til atvinnustarfsemi eða annars en venjulegra heimilisþarfa, er heimilt að innheimta sérstakt notkunargjald. Fjárhæð notkunargjalds er 26,38 krónur á rúmmetra (m³) vatns, skv. mælingu.

Notkunargjaldið tekur mið af byggingarvísitölu (grunnur 2010), vísitala októbermánaðar 2012 er 115,2 stig. Gjaldið skal uppfært miðað við vísitöluhækkunar fjórum sinnum á ári, í mars, júní, september og desember.

Í þeim tilvikum þegar um óvenjumikil kaup á vatni er að ræða eða vatn er keypt til sérstakrar framleiðslu er heimilt að gera sérstakt samkomulag við kaupanda um endurgjald fyrir vatnið.

6. gr.

Mælaleiga.

Þeim sem greiða skulu notkunargjald skv. 5. gr. skulu látnir í té vatnsmælar. Notandi skal sjá fyrir aðstöðu fyrir mæli. Vatnsveita er eigandi mælanna og skal greidd fyrir þá ársleiga sem hér segir:

<i>Stærð mælis, mm</i>	<i>Mælaleiga á ári, kr.</i>
15	7.988
20	8.135
25	10.472
32	11.725
40	14.251
50	17.266
80	45.193

Mælaleigan tekur mið af byggingarvísitölu (grunnur 2010). Vísitala októbermánaðar 2012, 115,2 stig.

7. gr.

Gjalddagar.

- a) Heimæðargjald: Gjalddagi heimæðargjalds vatnsveitu miðast við tengingu heimæðar. Gjöldin skulu greidd eða um þau samið innan 30 daga frá gjalddaga.
- b) Vatnsgjald: Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og sveitastjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

8. gr.

Greiðsluskilmálar.

Heimilt er að semja um greiðslur heimæðargjalda vatnsveitu til allt að 18 mánaða frá gjalddaga. Í slíkum tilvikum skulu allar greiðslur bera almenna bankavexti.

9. gr.

Innheimta o.fl.

Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og heimæðargjalds en notandi, ef hann er annar en fasteignareigandi, ber ábyrgð á greiðslu notkunargjalds.

Gjöldin njóta lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum samkvæmt lögum eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

Heimilt er að loka fyrir heimæðar hjá þeim sem vanrækja að greiða notkunargjald að undan-genginni skriflegri aðvörun.

Notkunargjald, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum er heimilt að taka fjárnámi.

10. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi, sem öðlast þegar gildi, er samin og samþykkt af sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 5. desember 2013, með heimild í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga, 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 og III. kafla vatnalaga nr. 15/1923.

Bláskógabyggð, 5. desember 2013.

Valtýr Valtýsson sveitarstjóri.